# HB Grandi hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar

## 30. júní 2011

## í evrum

HB Grandi hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Kt. 541185-0389

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra ........ 3

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Yfirlit um heildarafkomu ........ 6

Efnahagsreikningur ........ 7

Eiginfjáryfirlit ........ 8

Sjóðstreymisyfirlit ........ 9

Skýringar ........ 10

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning HB Granda hf. og dótturfélaga þess.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 15.662 þús. evra, en þegar tekið er tillit til þýðingarmunar vegna starfsemi erlendra dótturfélaga er heildarhagnaður samstæðunnar 14.706 þús. evrur.

Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 153.904 þús. evrur samkvæmt efnahagsreikningi.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2011 og rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2011.

Stjórn og forstjóri HB Granda hf. hafa í dag fjallað um samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2011 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. ágúst 2011.

Stjórn félagsins:

Árni Vilhjálmsson

Kristján Loftsson

Halldór Teitsson

Hjörleifur Jakobsson

Iða Brá Benediktsdóttir

Forstjóri:

Eggert Benedikt Guðmundsson

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar HB Granda hf.

## Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning HB Granda hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2011, sem hefur að geyma reksrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reiknignsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum* . Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikingsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 17. ágúst 2011.

***KPMG ehf.***

Kristrún Helga Ingólfsdóttir

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2011

| | Skýr. | 2011<br>1.1.-30.6. | 2010*<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| Seldar vörur | | 76.283 | 60.399 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | ( 48.984) | ( 40.995) |
| **Vergur hagnaður** | | 27.299 | 19.404 |
| | | | |
| Útflutningskostnaður | | ( 4.376) | ( 3.636) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 2.906) | ( 2.167) |
| | | | |
| **Rekstrarhagnaður** | | 20.017 | 13.601 |
| | | | |
| Fjáreignatekjur | | 26 | 70 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 2.964) | ( 2.450) |
| Gengismunur | | ( 1.302) | ( 8.530) |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld samtals | | ( 4.240) | ( 10.910) |
| | | | |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 1.426 | 1.235 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 17.203 | 3.926 |
| Tekjuskattur | 6 | ( 1.541) | ( 5.362) |
| | | | |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | 15.662 | ( 1.436) |
| | | | |
| **Skipting hagnaðar (taps):** | | | |
| Hluthafar móðurfélags | | 15.166 | ( 1.495) |
| Hlutdeild minnihluta | | 496 | 59 |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | | 15.662 | ( 1.436) |
| | | | |
| EBITDA | | 25.242 | 19.044 |
| | | | |
| **Hagnaður á hlut:** | | | |
| Grunnhagnaður (-tap) og þynntur hagnaður (tap) á hlut (ISK) | | 0,0089 | ( 0,0009) |

* Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2011

| | 2011<br>1.1.-30.6. | 2010<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | 15.662 | ( 1.436) |
| **Rekstrarliðir færðir á eigið fé:** | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dóttur- og hlutdeildarfélaga | ( 956) | 1.372 |
| **Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins** | 14.706 | ( 64) |
| **Skipting heildarhagnaðar (-taps):** | | |
| Hluthafar móðurfélags | 14.197 | ( 146) |
| Hlutdeild minnihluta | 509 | 82 |
| Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins | 14.706 | ( 64) |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Efnahagsreikningur 30. júní 2011

| | 30.6.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Rekstrarfjármunir | 95.967 | 96.183 |
| Óefnislegar eignir | 135.532 | 135.532 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | 15.852 | 15.341 |
| Aðrar fjárfestingar | 156 | 156 |
| Lífrænar eignir | 8.531 | 6.807 |
| Fastafjármunir | 256.038 | 254.019 |
| Birgðir | 26.604 | 17.000 |
| Lífrænar eignir | 1.016 | 1.099 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 24.146 | 20.426 |
| Handbært fé | 6.185 | 11.152 |
| Veltufjármunir | 57.951 | 49.677 |
| **Eignir samtals** | 313.989 | 303.696 |
| **Eigið fé** | | |
| Hlutafé | 18.619 | 18.619 |
| Lögbundinn varasjóður | 27.031 | 27.031 |
| Þýðingarmunur vegna erlendra hlutdeildarfélaga | 1.705 | 2.674 |
| Óráðstafað eigið fé | 103.912 | 90.804 |
| Eigið fé hluthafa móðurfélagsins | 151.267 | 139.128 |
| Hlutdeild minnihluta | 2.637 | 2.128 |
| Eigið fé samtals | 153.904 | 141.256 |
| **Skuldir** | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 101.497 | 109.103 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 20.394 | 18.914 |
| Langtímaskuldir | 121.891 | 128.017 |
| Vaxtaberandi skuldir | 21.890 | 23.194 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 16.304 | 11.229 |
| Skammtímaskuldir | 38.194 | 34.423 |
| Skuldir samtals | 160.085 | 162.440 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 313.989 | 303.696 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Eiginfjáryfirlit 30. júní 2011

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Þýðingar munur | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minni-hluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. júní 2011** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2011 ............................ | 18.619 | 27.031 | 2.674 | 90.804 | 2.128 | 141.256 |
| Heildarhagnaður tímabilsins ............ | | | ( 969) | 15.166 | 509 | 14.706 |
| Greiddur arður 0,2 kr. á hlut ............ | | | | ( 2.058) | | ( 2.058) |
| Eigið fé 30.6.2011 .......................... | 18.619 | 27.031 | 1.705 | 103.912 | 2.637 | 153.904 |
| **1. janúar til 30. júní 2010** | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2010 ............................ | 18.613 | 26.974 | 857 | 84.788 | 1.600 | 132.832 |
| Heildartap tímabilsins ..................... | | | 1.349 | ( 1.495) | 82 | ( 64) |
| Greiddur arður 0,12 kr. á hlut .......... | | | | ( 1.238) | ( 43) | ( 1.281) |
| Eigið fé 30.6.2010 .......................... | 18.613 | 26.974 | 2.206 | 82.055 | 1.639 | 131.487 |

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2011

| | Skýr. | 2011 1.1.-30.6. | 2010 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður (-tap) tímabilsins | | 20.017 | 13.601 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 5.225 | 5.443 |
| Lífrænar eignir, breyting | | ( 2.273) | ( 1.226) |
| | | 22.969 | 17.818 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum | | ( 13.335) | ( 13.931) |
| Breytingar á rekstrartengdum skuldum | | 4.247 | 5.158 |
| | | ( 9.088) | ( 8.773) |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 26 | 0 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 3.086) | ( 2.412) |
| Handbært fé frá rekstri | | 10.821 | 6.633 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | ( 5.414) | ( 6.851) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 564 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 4.850) | ( 6.851) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Greiddur arður | | ( 2.058) | ( 1.238) |
| Tekin ný langtímalán | | 6.350 | 2.575 |
| Afborganir langtímalána | | ( 15.230) | ( 7.937) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 10.938) | ( 6.600) |
| **Lækkun á handbæru fé** | | ( 4.967) | ( 6.818) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 11.152 | 11.983 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 6.185 | 5.165 |

Skýringar á blaðsíðum 10 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum

# Skýringar

## 1. Félagið

HB Grandi hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Norðurgarði 1, Örfirisey í Reykjavík. Árhlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga", og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

Félagið er markaðsdrifið útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki, sem gerir út togara og uppsjávarveiðiskip, starfrækir fiskiðjuver, mjöl- og lýsisverksmiðjur og markaðssetur vörur sínar undir eigin merki um heim allan.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árhlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikingsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur HB Granda hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2010.

Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.hbgrandi.is og á vef Kauphallar Íslands; http://www.nasdaqomxnordic.com/firstnorth.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 17. ágúst 2011.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2010.

Árshlutareikingurinn er gerður í evrum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru í þúsundum evra.

Framsetningu á gengismun vegna tekjuskattsskuldbindingar hefur verið breytt í rekstrarreikningi þar sem hann er nú færður með tekjuskatti en var áður færður með gengismun.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

## 5. Starfsþáttayfirlit

| Starfsþættir 1.1.-30.6.2011 | Botnfiskur | Uppsjávar-fiskur | Annað | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 55.491 | 18.060 | 2.762 | ( 30) | 76.283 |
| Kostnaðarverð seldra vara | ( 37.802) | ( 10.641) | ( 571) | 30 | ( 48.984) |
| Vergur hagnaður | 17.689 | 7.419 | 2.191 | 0 | 27.299 |
| Útflutningskostnaður | | | | | ( 4.376) |
| Annar rekstrarkostnaður | | | | | ( 2.906) |
| **Rekstrarhagnaður** | | | | | 20.017 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | | | | | ( 4.240) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | | | | 1.426 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | | | | 17.203 |
| Tekjuskattur | | | | | ( 1.541) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | | | 15.662 |

| Starfsþættir 1.1.-30.6.2010 | Botnfiskur | Uppsjávar-fiskur | Annað | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur | 45.022 | 12.669 | 2.743 | ( 35) | 60.399 |
| Kostnaðarverð seldra vara | ( 31.906) | ( 7.268) | ( 1.856) | 35 | ( 40.995) |
| Vergur hagnaður | 13.116 | 5.401 | 887 | 0 | 19.404 |
| Útflutningskostnaður | | | | | ( 3.636) |
| Annar rekstrarkostnaður | | | | | ( 2.167) |
| **Rekstrarhagnaður** | | | | | 13.601 |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | | | | | ( 12.372) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | | | | 1.235 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | | | | 2.464 |
| Tekjuskattur | | | | | ( 3.900) |
| **(Tap) tímabilsins** | | | | | ( 1.436) |

## 6. Tekjuskattur

| Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig: | | 2011 1.1.-30.6. | | 2010 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|
| Frestaðir skattar: | | | | |
| Uppruni og bakfærsla tímabundinna mismuna | | ( 1.541) | | ( 5.362) |
| Virkur tekjuskattur í rekstrarreikingi greinist þannig: | | | | |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 17.203 | | 2.464 |
| Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall | 20,0% | ( 3.441) | 18,0% | ( 444) |
| Áhrif gengismunar | ( 12,2% ) | 2.097 | 190,2% | ( 4.686) |
| Áhrif skatthlutfalla á erlendu skattsvæði | 2,1% | ( 359) | 8,0% | ( 197) |
| Aðrir liðir, ófrádráttarbærir | ( 0,9% ) | 162 | 1,4% | ( 35) |
| | 9,0% | ( 1.541) | 217,6% | ( 5.362) |

Skattskil félagsins byggja á bókhaldi þess í íslenskum krónum, en árshlutareikningurinn byggir á bókhaldi í evrum. Þetta leiðir til þess að verulegur munur er á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi, einkum vegna gengisbreytinga.

**7. Birgðir**

Birgðir greinast þannig:

| | 30.6.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Afurðabirgðir | 22.330 | 12.304 |
| Rekstrarvörubirgðir | 4.274 | 4.696 |
| Birgðir samtals | 26.604 | 17.000 |

Hækkun birgða frá áramótum skýrist af árstíðabundnum sveiflum í starfsemi félagsins.

**8. Kennitölur**

Helstu kennitölur samstæðunnar:

| | | |
|---|---|---|
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 1,52 | 1,44 |
| Lausafjárhlutfall - kvikir veltufjármunir/skammtímaskuldir | 0,79 | 0,92 |
| Eiginfjárhlutfall- eigið fé/heildarfjármagn | 0,49 | 0,47 |

**9. Atburðir eftir uppgjörsdag**

Úthlutun aflaheimilda í íslenskri fiskveiðilögsögu fer fram árlega og byggir á ákvæðum laga um stjórn fiskveiða. Ákvörðun sjávarútvegsráðherra um heildaraflamark fyrir fiskveiðiárið 2011 til 2012 gefur ekki tilefni til endurskoðunar mats á virði keyptra aflaheimilda félagsins. Þá hefur við mat á virði aflaheimilda ekki þótt fært að taka tillit til hugsanlegra áhrifa þess, að yfirlýst fyrirætlun ríkisstjórnarinnar um innköllun og endurúthlutun aflaheimilda komi til framkvæmda.